

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.10% af fasteignamati húsa eins og það er reiknað á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 500.00. Holræsagjaldið getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 209/1958, um holræsi á Seyðisfirði.

1. gr.

4. grein orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarins 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 1 000.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talið er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Undanþágu eða ivilnun má þá veita, ef lóð er svo háttáð, að auðveldara er að koma skólpi eða afrennsli frá henni á annan hátt en í aðalræsið eða erfiðara er að koma því á aðalræsið, en frá öðrum lóðum yfirleitt. Aukagjald má leggja á, ef skólp frá einhverri lóð er þannig að telja má meiri útgjöld stafa af að koma því burt en öðru skólpi. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði án þess, að samþykki ráðuneytisins komi til.

2. gr.

6. gr. i.f. orðist svo:

Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

21. febrúar 1973.

Nr. 60.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2 000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 000.00.

Ekki skal reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 2. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

4. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.50 fyrir hvern teningsmetra vatns.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendur í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

6. gr.

Vatnsveitan ákveður verðskilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.